

100 Stjórnsýslusvæði og eignamörk

Íslensk fitjuskrá



LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS



SSL nefnd LÍSU

Mannvirkjastofnun
Náttúrufræðistofnun Íslands
Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild
Skipulagsstofnun (104)
Umhverfisstofnun
Veðurstofa Íslands
Þjóðskrá Íslands (105)

Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á Imi@mi.is

100 Stjórnsýslusvæði og eignamörk

Nafn	Stjórnsýslusvæði og eignamörk
Skilgreining	Flokkurinn inniheldur manngerð og huglæg mörk og svæði, sem skipta landi og sjó, til dæmis varnar- og hættusvæði, stjórnsýslusvæði, skipulögð svæði og verndarsvæði.
Kóði	101-199

Fitjuflokkar

Stjórnsýslusvæði	101
Varnar- og hættusvæði	102
Verndarsvæði	103
Skipulagssvæði	104
Land / landskiki	105
Önnur svæði	107

Fitjueigind	Heiti
Alþjóðlegir samningar	altjodlegirSamningar
Eðli hættu	edliHaettu
Flokkun önnur svæði	onnurSvaedi
Flokkun kirkjusvæði	kirkjusvaedi
Flokkun landnotkun	landnotkun
Flokkun náttúruverndarsvæði	natturuverndarsvaedi
Flokkun stjórnsýslusvæði	stjornsyslusvaedi
Flokkun varnar- og hættusvæði	varnarHaettusvaedi
Flokkun vatnsverndarsvæði	vatnsverndarsvaedi
Flokkun verndarsvæði	verndarsvaedi
Flokkun þjóðminjaverndarsvæði	tjodminjaverndarsvaedi
Landeignarnúmer	landeignarnr
Lögbýli	logbyli
Nafn sveitarfélags	sveitarfelag
Nafn umdæmis sýslumanns	umdaemiSyslumanns
Númer byggðar	nrByggdar
Númer dómstóls í héraði	nrDomstols
Númer fyrstu friðlýsingar	nrFyrstuFridlysingar
Númer gildandi friðlýsingar	nrGildandiFridlysingar
Númer heilbrigðisumdæmis	nrHeilbrigdisumdaemis
Númer kjördæmis	nrKjordaemis
Númer sveitarfélags	nrSveitarfelags
Númer umdæmis héraðsdýralæknis	nrUmdHeradsdyralaeknis
Númer umdæmis sýslumanns	nrUmdSyslumanns
Póstnúmer	postnr
Skipulagsstig	skipulagsstig
Skjalasafnsnúmer Umhverfisstofnunar	skjalasafnsnrUst
Staða lands / landskika	stadaLandskika
Tegund hættu	tegHaettu
Tegund landamerkis	tegLandamerkis
Tegund lands / landskika	tegLandskika

101 Stjórnsýslusvæði

Nafn	Stjórnsýslusvæði
Skilgreining	Svæði afmörkuð fyrir tiltekna stjórnsýslu.
Kóði	101

Fitjueigind		
	Flokkun kirkjusvæð	kirkjusvaedi
	Flokkun stjórnsýslusvæði	stjornsyslusvaedi
	Nafn sveitarfélags	sveitarfelag
	Nafn umdæmis sýslumanns	umdæmiSyslumanns
	Númer byggðar	nrByggdar
	Númer dómstóls í héraði	nrDomstols
	Númer heilbrigðisumdæmis	nrHeilbrigdisumdæmis
	Númer kjördæmis	nrKjordaemis
	Númer sveitarfélags	nrSveitarfelags
	Númer umdæmis héraðsdýralæknis	nrUmdHeradsdyralaeknis
	Númer umdæmis sýslumanns	nrUmdSyslumanns
	Póstnúmer	postnr

Fitjueigind

Nafn	Flokkun kirkjusvæði
Skilgreining	Flokkun kirkjusvæða, t.d. vígslubiskupsumdæmi.
Heiti	kirkjusvaedi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltölur (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Vígslubiskupsumdæmi	1	„Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annist þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim.” [6]
Prófastsdæmi	2	„Biskup Íslands útnefnir prófaste úr hópi presta... Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar.” [6]
Prestaköll	3	„Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.” [6]
Sóknir	4	„Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað.” [6]

Fitjueigind

Nafn	Flokkun stjórnsýslusvæði
Skilgreining	Flokkun svæða sem afmörkuð eru fyrir tiltekna stjórnsýslu.
Heiti	stjornsyslusvaedi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Umdæmi sýslumanna	1	„Landinu er skipt í 24 stjórnsýsluumdæmi.” [2]
Dómstólar í héraði	2	„Dómstólar í héraði eru átta.” [3]

Kjördæmi	3	„Kjósendur neyta kosningarréttar síns í kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja.” [3]
Sveitarfélag	4	„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.” [4]
Kirkjussvæði	5	“Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.” [5] Landinu er skipt upp innan kirkjunnar í vígslubiskupsdæmi, prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.
Umdæmi héraðsdýralækna	7	Landinu er skipt í 14 umdæmi héraðsdýralækna. „Héraðsdýralækna skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða.” [6]
Heilbrigðisumdæmi	8	„Landinu skal skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð.” [7] Skv. reglugerð um heilbrigðisumdæmi eru umdæmin sjö talsins [8].
Heilbrigðiseftirlitssvæði	9	„Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.“ Skv. Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er landinu skipt í 10 eftirlitssvæði. [9]
Póstnúmerasvæði	10	Landinu er skipt upp í pósthúsnúmerasvæði. Hvert pósthús þjónar að minnsta kosti einu pósthúsnúmerasvæði.
Efnahagslögsaga	11	„3. gr. Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómíllur frá grunnlínum landhelginnar, sbr. þó 7.gr: Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis. Þar til annað er ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðað við 200 sjómíllur frá grunnlínum landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómíllur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.” [10]
Landhelgi	12	„Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómíllur frá grunnlínu sem dregin er milli eftirtalinna staða [sjá heimild]. Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómíllur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar (67° 08'9 n.br., 18° 41'3 v.lg.), Hvalbaks (64° 35'8 n.br., 13° 16'6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grímseyjar. Hver sjómíla reiknast 1852 metrar. 2. gr. Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni. Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.” [10]
Tollalandhelgi	13	„Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf sjómílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1.gr.laga, nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

		Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði." [11]
Byggð	14	Byggð er skilgreindur hópur landskíka í Fasteignaskrá. Byggð er sveitarfélag, eldra sveitarfélag sem hefur verið sameinað öðru, dreifbýlishluti eða þéttbýlishluti sveitarfélags eða önnur sérsvæði svo sem virkjanasvæði.
Byggðasamlag	15	Landfræðilega afmarkað samstarf tiltekinna sveitarfélaga. Dæmi: Sorpsamlag.
Lögregluumdæmi	16	„Landinu er skipt í 15 lögregluumdæmi." [2]
Sóttvarnaumdæmi	17	Í reglugerð um tilnefningu yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum er landinu skipt í eftirfarandi sóttvarnumdæmi: Höfuðborgarsvæðið, Norðurland, Austurland, Suðurland, Vestmannaeyjar, Vesturland, Vestfirðir, Suðurnes [12]

Fitjueigind

Nafn	<i>Nafn sveitarfélags</i>
Skilgreining	Upplýsingar um sveitafélög, m.a. nöfn og fjölda þeirra er að finna á heimasíðu Samtaka íslenskra sveitafélaga.
Heiti	sveitarfelag
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Bókstafir

Fitjueigind

Nafn	<i>Nafn umdæmis sýslumanns</i>
Skilgreining	Landinu er skipt í 24 stjórnsýsluumdæmi sýslumanna [2]
Heiti	umdaemiSýslumanns
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Bókstafir

Fitjueigind

Nafn	<i>Númer byggðar</i>
Skilgreining	Auðkenni byggðar í Fasteignaskrá. Samanstendur af 4 stafa númeri sveitarfélags og 2 stafa byggðarnúmeri
Heiti	nrByggðar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	6 stafa auðkennisnúmer frá FMR

Fitjueigind

Nafn	<i>Númer dómstóls í héraði</i>
Skilgreining	Dómstólar í héraði eru átta. [2] Í lögnum eru heiti þeirra og aðsetur tilgreind.
Heiti	nrDomstols
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

Fitjueigind

Nafn	Númer heilbrigðisumdæmis
Skilgreining	„Landinu skal skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð.“ [7] Sjá númer heilbrigðisumdæma í Reglugerð um heilbrigðisumdæmi [8].
Heiti	nrHeilbrigdisumdaemis
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Númer kjördæmis
Skilgreining	Landinu er skipt í kjördæmi eins og fram kemur í lögum um kosningar til Alþingis. [3]
Heiti	nrKjordaemis
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

Fitjueigind

Nafn	Númer sveitarfélags
Skilgreining	„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.“ [4] Upplýsingar um númer sveitarfélaga eru á vef Innanríkisráðuneytisins og vef Samtaka íslenskar sveitarfélaga.
Heiti	nrSveitarfelags
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

Fitjueigind

Nafn	Númer umdæmis héraðsdýralæknis
Skilgreining	Í lögunum eru umdæmi héraðsdýralækna tilgreind. [6]
Heiti	nrUmdHeradsdylalæknis
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

Fitjueigind

Nafn	Númer umdæmis sýslumanns
Skilgreining	Landinu er skipt í 24 stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Undir hvert þeirra heyra ákveðin sveitarfélög. [1] .
Heiti	nrUmdSyslumanns
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

Fitjueigind

Nafn	Póstnúmer
Skilgreining	Póstnúmer landsins.
Heiti	postnr
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Póstnúmer Íslandspósts.
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Þriggja stafa heiltala

102 Varnar- og hættusvæði

Nafn	Varnar- og hættusvæði
Skilgreining	Varnarsvæði er svæði sem á að verja s.s. vegna dýrasjúkdóma o.fl. og hættusvæði eru svæði þar sem hætta er á ferðum s.s. snjóflóðahætta o.fl.
Kóði	102

Nöfn fitjueiginda		
	Eðli hættu	edliHaettu
	Flokkun varnar- og hættusvæði	varnarHaettusvaedi
	Tegund hættu	tegHaettu

Fitjueigind

Nafn	Eðli hættu
Skilgreining	<i>Hætta</i> (e. hazard): a) Ógnandi atburður (almennt hugtak). b) Líkur á því að náttúruhamfarir eða atburður sem getur valdið tjóni eigi sér stað innan tiltekins tíma og á tilteknu svæði. Hætta = ógn, er flokkuð eftir eðli hennar og/eða orsök. Þótt orðið „náttúruhamfarir“ merki fremur stórbrotna atburði en smáa nær skilgreiningin einnig yfir smærri atvik sem geta valdið tjóni. [17]
Heiti	edliHaettu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltölur (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar	Kóði	Skilgreining
<i>Nafn</i> Veðurógn	1	Hætta af völdum veðurs, s.s. ofsaveður, ísing, háлка, vindhviður, þurrkar, rigningar, snjóþyngsli, eldingar frá skýjum, uppblástur, hafís.
Eldgosaógn	2	Hætta af völdum eldgosa, s.s. eldský, hraunrennsli, gasmengun, eldingar í gosmekki.
Jarðskjálftaógn	3	Hætta af völdum jarðskjálfta.
Ofanflóðaógn	4	Hætta af völdum snjóflóða, skriða, krapahlaupa.
Flóðaógn	5	Hætta af völdum flóða af öðrum orsökum en ofanflóða, s.s. flóð í ám, sjávarflóð, jökulhlaup.
Faraldrar	6	Hætta af völdum ýmissa smitsjúkdóma sem herja á fólk.
Plágur	7	Hætta af völdum plága sem herja á uppskeru, sjúkdómar í búfé, hrun fiskistofna.
Geislunarógn	8	Hætta af völdum geislunar vegna kjarnorku (t.d. kafbátar), geimgeislun (UV).
Efnaógn	9	Hætta af völdum efnaslysa, s.s. olíuslys, eiturefnaslys.
Eldaógn	10	Hætta af völdum elds: sinubrunar, skógareldar, stórbunar í þéttbýli.

Stríð	11	Hætta af völdum stríðs, hryðjuverka.
Gallar í mannvirkjum	12	Hætta af völdum galla í mannvirkjum, t.d. stífla sem brestur, hús sem hrynur.
Iðnaðar- og framkvæmdaógn	13	Hætta af völdum iðnaðar, sprengingar, rafmagnsbílanir og fleira vegna framkvæmda.
Samgönguógn	14	Hætta af völdum samgangna, s.s. lokaðar rýmingarleiðir, hjálp getur ekki borist, stórslys í bílaumferð, flugslys, ferjuslys.

Fitjueigind

Nafn	Flokkun varnar- og hættusvæði
Skilgreining	Flokkun varnar- og hættusvæða s.s. sóttvarnarsvæði, menguð svæði, bannsvæði og hættusvæði.
Heiti	varnarHaettusvaedi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Sóttvarnarsvæði	1	„Sóttvarnarsvæði: Landsvæði sem afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun í samgangi dýra.“ [13]
Menguð svæði	2	Afmörkuð svæði sem orðið hafa fyrir mengun s.s. af völdum hávaða, ólyktar, óæskilegra efna, óæskilegra efnasambanda eða óæskilegra örvera.
Þynningarsvæði	3	Þynningarsvæði er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum, sbr. <i>Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun</i> , nr. 785/1999.
Bannsvæði	4	„Ákveðið afmarkað svæði eða íverustaður dýra þar sem rökstuddur grunur er um að eitt eða fleiri dýr séu haldin smitsjúkdómi sem þessi reglugerð nær yfir. Í hesthúsa-hverfum nær bannsvæði a.m.k. yfir sambyggð hesthús.“ [14] „Verndarsvæði: Nær a.m.k. 3 km út frá bannsvæði til allra átta.“ [14]
Hættusvæði	5	17. gr. „Hættusvæði afmarkast af línu, hættumatslínu, sem dregin er á grundvelli ákvörðunar um ásættanlega staðaráhættu skv. 11.gr.“ [15] „Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða á byggð svæði eða skipulögð byggingarsvæði. Við matið skal tekið tillit til varnarsvæða sem reist hafa verið.“ [16]
Rýmingarsvæði / rýmingarreitur	6	„Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd, gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flytja eða það flutt á brott úr öllu húsnæði á svæði eða svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörunum Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða.“ [16]
Dreifisvæði frjókorna	7	Afmarkað svæði í þéttbýli þar sem líklegt er að frjókorn geti haft áhrif á heilsu manna að vori og sumri.

Fitjueigind

Nafn	Tegund hættu
Skilgreining	Tegundir hættu á viðkomandi hættusvæði.
Heiti	tegHaettu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltölur (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Ofanflóð	1	Ofanflóð er snjóflóð, skriðufall, berghlaup eða grjóthrun. [15]
Flóð	2	Flóð er vatnagangur, vatnavöxtur, svo mikill að flæðir út úr venjulegum farvegi.
Eldgos	3	Eldgos er „útrás bergkviku upp úr jörðunni, oft ofsaleg með sprengingum.“
Sker	4	Sker sem geta verið hættuleg siglingum.

103 Verndarsvæði

Nafn	Verndarsvæði
Skilgreining	Samheiti fyrir svæði sem ber að vernda t.d. náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, vatnsverndarsvæði og viðkvæm vatnasvæði.
Kóði	103

Fitjueigind		
	Alþjóðlegir samningar	altjodlegirSamningar
	Flokkun náttúruverndarsvæði	natturuverndarsvaedi
	Flokkun vatnsverndarsvæði	vatnsverndarsvaedi
	Flokkun verndarsvæði	verndarsvaedi
	Flokkun þjóðminjaverndarsvæði	tjodminjaverndarsvaedi
	Númer fyrstu friðlýsingar	nrFyrstuFridlysingar
	Númer gildandi friðlýsingar	nrGildandiFridlysingar
	Skjalasafnsnúmer Umhverfisstofnunar	skjalasafnsnrUst

Fitjueigind

Nafn	Alþjóðlegir samningar
Skilgreining	Skuldbindingar samkvæmt alþjóðlegum samningum.
Heiti	altjodlegirSamningar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Samþykkt um fuglavernd (París 1950)	1	Stj.tið. A 14/1956
Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971)	2	Stj.tið. C/1978
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979)	3	Stj.tið. C 17/1993
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992)	4	Stj.tið. C 3/1995

Fitjueigind

Nafn	Flokkun náttúruverndarsvæði
Skilgreining	Flokkun náttúruverndarsvæða, s.s. þjóðgarður, friðland eða náttúruvætti.
Heiti	náttúruverndarsvæði
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltölur (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Þjóðgarður	1	„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum. Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.” [18]
Friðland	2	„Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlýst landsvæði nefnast friðlönd” [18] Friðlönd eru í flestum tilfellum á landi í einkaeign eða á afréttum og reglur um þau eru samkomulagsatriði milli rétthafa lands og Umhverfisstofnunar.
Náttúruvætti	3	„Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og bergforma, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.” [18]
Náttúruvætti í hafi	4	„Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða álitum Hafrannsóknastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.” [18]
Lífverur, búsvæði eða vistkerfi	5	„Ef ætla má að fyrirhugaðar framkvæmdir á friðlýstu svæði raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða getur ráðherra látið friðlýsingu taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. [18]
Fólkvangur	6	„Fólkvangur: landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.” [18]
Önnur friðlýst svæði	7	Nokkur svæði á Íslandi hafa verið friðlýst með sérstökum lögum eða samningum. Þau þrjú svæði sem þegar hafa verið friðlýst með sérstökum lögum eru: Þingvellir [22]

		Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu [23] Breiðafjörður [24] Geysir er friðlýstur með sérstökum samning frá 1991.
Önnur svæði	8	„6. b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.” [18]
Jaðarsvæði	9	Jaðarsvæði friðlýstra svæða gegna verndarlutverki fyrir friðlýst svæði en lúta ekki að öllu leyti skilmálum friðlýsingarinnar. Sjá nánar í friðlýsingarskilmálum fyrir hvert svæði fyrir sig.

Fitjueigind

Nafn	Flokkun vatnsverndarsvæði
Skilgreining	„Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu.“ [21]
Heiti	vatnsverndarsvæði
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Brunnsvæði	B	„Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.“ [21]
Grannsvæði	G	„Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegspekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarhúsa eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.“ [21]
Fjarsvæði	F	„Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.“ [21]

Fitjueigind

Nafn	Flokkun verndarsvæði
Skilgreining	Samheiti fyrir svæði sem ber að vernda t.d. náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði og vatnsverndarsvæði.
Heiti	verndarsvaedi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Náttúruverndarsvæði	1	„3.gr. Skilgreiningar [...] 6. Náttúruverndarsvæði: a) Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti. b) Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. c) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.” [18]
Þjóðminjaverndarsvæði	2	Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum. [19]
Vatnsverndarsvæði	3	Vatnsverndarsvæði er afmarkað svæði á vatnasviði vatnsbóla þar sem vatnsvernd hefur verið komið á. [20]
Viðkvæmt vatnasvæði	4	Flokkun á ferskvatni (yfirborðsvatni og grunnvatni hvarvetna á landinu) eftir því hvort það telst viðkvæmt eða ekki. Bent er á að við deiliskipulagsgerð skal gera skýringaruppdrátt sem sýnir ástand vatns. Viðkvæm vatnasvæði eru vatnasvæði sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða, svæði sem hafa orðið fyrir áhrifum vegna mengunar og svæði sem hafa verið flokkuð sbr. <i>Reglugerð um varnir gegn mengun vatns</i> nr. 796/1999 og <i>Reglugerð um neysluvatn</i> nr. 536/2001.

Fitjueigind

Nafn	Flokkun þjóðminjavemndarsvæði
Skilgreining	Flokkun á þjóðminjavemndarsvæðum eftir því hvers konar minjar þau geyma.
Heiti	tjodminjavemndarsvaedi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi

Fitjueigind

Nafn	Númer fyrstu friðlýsingar
Skilgreining	Númer fyrstu laga/reglugerðar friðlýsingar. Laganúmer (t.d. 194/1978).
Heiti	nrFyrstuFridlysingar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Tölur og bókstafir

Fitjueigind

Nafn	Númer gildandi friðlýsingar
Skilgreining	Númer laga/reglugerðar nýjustu endurskoðunar á friðlýsingu svæðis. Laganúmer (t.d. 194/1978).
Heiti	nrGildandiFridlysingar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Tölur og bókstafir

Fitjueigind

Nafn	Skjalasafnsnúmer Umhverfisstofnunar
Skilgreining	Númer svæðis í skjalasafni Umhverfisstofnunar.
Heiti	skjalasafnsnrUst
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Tölur og bókstafir í bland

104 Skipulagssvæði (endurskoða í tengslum við nýja skipulagsreglugerð)

Nafn	Skipulagssvæði
Skilgreining	„Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til.“ [19]
Heiti	104

Fitjueigind		
	Flokkun landnotkun	landnotkun
	Skipulagsstig	skipulagsstig

Fitjueigind

Nafn	Flokkun landnotkun
Skilgreining	Skipulögð ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað. Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit. [19] Sjá nánar um notkun þessarar eigindar í skipulagsreglugerðinni.
Heiti	landnotkun
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltölur (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		Skilgreiningar skal sækja í [19], 4. kafla.
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Þéttbýli	1	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Íbúðarsvæði	2	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Svæði fyrir þjónustustofnanir	3	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Miðsvæði	4	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Verslunar- og þjónustusvæði	5	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Athafnasvæði	6	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Iðnaðarsvæði	7	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Hafnarsvæði	8	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Efnistökusvæði	9	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Sorpförgunarsvæði	10	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Svæði fyrir frístundabyggð	11	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.

Opin svæði til sérstakra nota	12	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Óbyggt svæði	13	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Landbúnaðarsvæði	14	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.
Hverfisverndarsvæði	15	Skilgreining sjá skipulagsreglugerð.

Fitjueigind

Nafn	<i>Skipulagsstig</i>
Skilgreining	Skipulagsáætlun er áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjú flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.
Heiti	skipulagsstig
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Deiliskipulag	Deili	Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.
Aðalskipulag	Aðal	Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.
Svæðisskipulag	Svæðis	Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

105 Land / landskiki

Nafn	<i>Land / landskiki</i>
Skilgreining	Hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkjá getur talist sjálfstæð eind. [25]
Kóði	105

Fitjueigind		
	Fasteignarnúmer (sjá fitjuskra Mannvirki)	fasteignarnr
	Landeignarnúmer	landeignarnr
	Lögbýli	logbyli
	Staða lands / landskika	stadaLandskika
	Tegund landamerkis	tegLandamerkis
	Tegund lands / landskika	tegLandskika

Fitjueigind

Nafn	<i>Landeignarnúmer</i>
Skilgreining	Einkvæmt auðkenni landeigna. Landeignarnúmer og fasteignarnúmer eru ekki það sama. Margar fasteignir geta verið á einni og sömu landeigninni.
Heiti	landeignarnr
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e.integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1= tilbúið gildi

Fitjueigind

Nafn	Lögbýli
Skilgreining	Sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Lögbýli teljast enn fremur jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins sem ný lögbýli. [26]
Heiti	logbyli
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1= tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Lögbýli	1	Jörð með lögbýlisrétt.
Ekki lögbýli	2	Jörð án lögbýlisréttar.

Fitjueigind

Nafn	Staða lands / landskika
Skilgreining	Skipting lands niður í aðalskika og fylgiskika.
Heiti	stadaLandskika
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Aðalskiki	1	Aðalskiki er sá skiki sem einkennir landeignina, t.d. heimaland eða aðalíbúðarlóð.
Fylgiskiki	2	Fylgiskiki er landfræðilega aðskilinn frá aðalskika eða í sameign tveggja eða fleiri aðalskika.

Fitjueigind

Nafn	Tegund landamerkis
Skilgreining	Flokkun landamerkis eftir tegund þess eða gerð.
Heiti	tegLandamerkis
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisléns	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Grjótvarða	1	
Grjótgarður	2	
Torfgarður	3	
Klettur	4	
Húsatóftir	5	
Staur	6	
Girðing	7	
Veggur	8	
Limgerði	9	
Árfarvegur	10	
Skurður	11	
Strandlína	12	
Vatnaskil	13	
Sjónlína	14	

Landamerkjasteinn	15	
-------------------	----	--

Fitjueigind

Nafn	Tegund lands / landskika
Skilgreining	Afmarkað land / landskiki skilgreint sem jörð / lóð / þjóðlenda.
Heiti	tegLandskika
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e.integer)
Mælieigind eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Jörð	1	„Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir undir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.“ [26]
Lóð	2	Afmarkaður hluti lands með skilgreind eignar-/ afnotaréttindi.
Byggingareitur	3	“Reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppráttum eða mæli-bláði. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð”. [27]
Þjóðlenda	4	Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. [28]

107 Önnur svæði

Nafn	Önnur svæði
Skilgreining	Önnur svæði en þau stjórnsýslusvæði og eignamörk sem talin eru upp í flokkum yfirflokksins.
Kóði	107

Fitjueigind		
	Flokkun annarra svæða	onnurSvaedi

Fitjueigind

Nafn	Flokkun annarra svæða
Skilgreining	Flokkun á svæðum sem teljast til annarra svæða þ.e. önnur en þau sem falla undir að vera stjórnsýslusvæði, varnar- og hættusvæði, verndarsvæði eða skipulögð svæði.
Heiti	onnurSvaedi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Bókstafir, texti

Tilvitnanaskrá

- [1] *Reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra* nr. 066/2007, 1.gr., og reglugerðir um breytingar á þessari reglugerð.
- [2] *Lög um dómstóla* nr. 15/1998.
- [3] *Lög um kosningar til Alþingis* nr. 24/ 2000.
- [4] *Sveitarstjórnarlög* nr. 45/1998.
- [5] *Lög um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar* nr. 78/1997.
- [6] *Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr* nr. 66/1998.
- [7] *Lög um heilbrigðisþjónustu* nr. 40[17]/2007
- [8] *Reglugerð um heilbrigðisumdæmi* nr. 785/2007.
- [9] *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir* nr. 7/1998.
- [10] *Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn* nr. 41/1979.
- [11] *Tollalög* nr. 88/2005, 2.gr..
- [12] *Reglugerð um tilnefningu yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum* nr. 834/2007.
- [13] *Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim* nr. 25/1993.
- [14] *Reglugerð um viðbrögð við smitsjúkdómum* nr. 665/2001.
- [15] *Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats* nr. 505/2000.
- [16] *Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum* nr. 49/1997.
- [17] Trausti Jónsson (2002). *Hættumat og hlutverk Veðurstofunnar í ljósi hættumatsramma Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar.*
- [18] *Lög um náttúruvernd* nr. 44/1999.
- [19] *Skipulagsreglugerð* nr. 400/1998.
- [20] *Reglugerð um neysluvatn* nr. 536/2001.
- [21] *Reglugerð um varnir gegn mengun vatns* nr. 796/1999.
- [22] *Lög um friðun Þingvalla* nr. 59/1928.
- [23] *Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu* nr. 36/1974.
- [24] *Lög um vernd Breiðafjarðar* nr. 54/1995.
- [25] *Lög um skráningu og mat fasteigna* nr. 6/2001.
- [26] *Jarðalög* nr. 81/2004.
- [27] *Lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál* 1994, bls. 59.
- [28] *Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta* nr. 58/1998, 1. gr.

Útgáfusaga og breytingar

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins